



---

# REGLUGERÐ UM VERKEFNASJÓÐ ÍSÍ

---

## 1. Almenn

Forseti, varaforseti og gjaldkeri ÍSÍ fara með stjórn Verkefnasjóðs og gera tillögur um úthlutun til framkvæmdastjórnar, eftir umsóknum eða að eigin frumkvæði.

Umsóknir í Verkefnasjóð skulu berast ÍSÍ a.m.k. 2 vikum fyrir framkvæmdastjórnarfundi. Umsóknum í Verkefnasjóð skal fylgja fjárhagsáætlun yfir það verkefni sem sótt er um styrk til, og eftir atvikum reikningar og áætlanir. Fundir stjórnar Verkefnassjóðs skulu haldnir eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

## 2. Sérverkefni

Átaksverkefni, sem lokið er á 4-6 mánuðum sem eru íþróttum almennt og íþróttahreyfingunni til framdráttar, eru styrkhæf.

## 3. Nýjungar í starfi

Ekki er styrkt eða lánað þó teknað séu upp nýjar íþróttagreinir en fræðslustarf og kynning á nýjum íþróttagreinum fellur undir starfsemi sjóðsins. Að öðru leyti fer um úthlutanir eftir mati stjórnar sjóðsins.

## 4. Afmörkun verkefna

Ekki er styrkt eða lánað til mannvirkjagerðar né áhaldakaupa.

Styrkhæf eru stór sameiginleg verkefni sem einn eða fleiri aðilar taka að sér í þágu hreyfingarinnar allrar eða á afmörkuðu svæði.

Að öðru leyti en hér kemur fram fer um úthlutanir eftir mati stjórnar sjóðsins.

## 5. Skýrslugerð

Þeir aðilar sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til Verkefnassjóðs ÍSÍ eigi síðar en 1 mánuði eftir að verkefni hefur farið fram.

**Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 11. september 2003.**